



Námsferð til Svíþjóðar

Námsferð fyrir sveitarstjórnarmenn til Svíþjóðar
29. ágúst til 1. september 2016.

2016/23

Námsferð til Svíþjóðar
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2016/23
Próunar- og alþjóðasvið
Borgartúni 30
Pósthólf 8100 – 128 Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Anna Guðrún Björnsdóttir
Ljósmyndir: Anna Guðrún Björnsdóttir

Ferðaskýrsla

Námsferðin var skipulögð með aðstoð sænska sveitarfélagasambandsins. Þátttakendur í ferðinni voru 35, sjá nánar þátttakendalista hér aftast. Markmið ferðarinnar var að kynna fyrir íslenskum sveitarstjórnarmönnum hvernig sænsk sveitarfélög vinna að íbúasamráði. Sænska sveitarfélaga-



sambandið hefur undanfarin ár, á grundvelli stefnumótandi áherslu landsþings þess, unnið að því að aðstoða sænsk sveitarfélög við að byggja upp kunnáttu og reynslu í íbúasamráði. Áherslan er á að samþætta íbúasamráð inn í ákvörðunarferla og á aðferðarfræði til að ná til rétts hóps íbúa út frá þeim álitaefnum sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Flestir í hópnum flugu með WOW-air til Västerås þar sem hópurinn hafði bækistöð. Þrjú sveitarfélög af mismunandi stærð voru heimsótt og hópurinn fékk heils dags

kynningu hjá sérfræðingum sænska sveitarfélagasambandsins í Stokkhólmi. Hópurinn naut einstakrar gestrisni og höfðingskapar og hlýddi á vandaðar kynningar um málefni sem öll tengjast veruleika íslenskra sveitarstjórnarmanna.

1. Heimsókn til Västeråsborgar 29. ágúst

Hópurinn fór nánast beint af flugvelli í ráðhús Västeråsborgar þar sem Ulla Persson borgarstjóri og samstarfsfólk hennar tók á móti hópnum í borgarstjórnarsalnum.

Västerås er sjötta stærsta sveitarfélag Svíþjóðar með 145 þúsund íbúa. Borgin liggur við hið stóra stöðuvatn Mälaren um 100 km fyrir vestan Stokkhólm. Västerås á yfir 1000 ára sögu að baki sem miðstöð fyrir iðnað og þjónustu í Vestmanslandsléni. Borgin stærir sig af því að þar var fyrsta H&M búðin opnuð 1947.



1. Grunnurinn að íbúasamráðsvinnu Västerås.

Ami Netzler stefnumótunarfræðingur á sviði félagslegrar sjálfbærni á skrifstofu borgarstjóra kynnti hvernig borgin vinnur almennt að íbúabátttöku og hagar samráði við íbúa á grundvelli stefnumótunar frá 2014¹. Hún fór yfir að borgin hafi á árinu 2012 tekið stefnumótandi ákvörðun um að byggja á íbúasamráði í ákvörðunarferlum. Hver nefnd var gerð ábyrg fyrir því að samþætta íbúasamráð inn í sína málaflokka. Hún fór yfir ferla við íbúasamráð, hversu miklu máli það skiptir að ná til réttra hópa, gefa réttar væntingar og markvissar upplýsingar bæði á undirbúnings- og framkvæmdastigi, og endurgjöf eftir samráð. Hún kynnti einnig rafræna gátt fyrir íbúatillögur, sem er einnig snjallsímavæn, og svipar til Betri Reykjavíkur og sambærilegra gátta hjá íslenskum sveitarfélögum. Þátttakendur fengu afhenta handbók um íbúasamráð í Västerås sem inniheldur praktískar leiðbeiningar fyrir kjörna fulltrúa og embættismenn um hvernig eigi að skipuleggja og framkvæma íbúasamráð. Handbókin er mjög aðgengileg og kemur til álita að þýða hana og staðfæra fyrir íslensk sveitarfélög.

2. Samráð við ungt fólk.

Jan Vennerström fór yfir hvernig borgin vinnur að því að fá ungt fólk og kjörna fulltrúar til að tala saman. Markmiðið er að ungt fólk hafi möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hafa áhrif á pólitískar ákvarðanir. Sérstök gátt hefur verið sett upp fyrir samráðið, <https://ungdomsdialog.com/>. Aldurhópurinn sem unnið er með er frá 12-20 ára. Jan fór yfir að það verði að vinna út frá því að unga fólkið er ekki einsleitur hópur. Þau hafi mjög mismunandi afstöðu gagnvart stjórnárum. Fram kom að það hefur gefist vel að nota SMS skilaboð til að ná til unga fólksins, t.d. til að fá svör við viðhorfskönnunum borgarinnar. Hægt er að greina svör eftir kyni, aldri og hverfum. Samfélagsmiðlar eru líka nýttir. Borgin réð átta ungmenni í sumarvinnu til að ræða við jafnaldra sína í borginni, finna út hvað þeim liggur helst á hjarta og koma skilaboðum þeirra áfram til kjörinna fulltrúa.



¹<http://www.vasteras.se/download/18.5e8d74b614b07e41ca6da3/1421922699881/Policy+för+invånardialog.pdf>

3. Samráð við mótun framtíðarsýnar fyrir miðbæ Västerås

Linnea Viklund aðstoðarverkefnastjóri kynnti þetta verkefni. Eins og algengt er í sænskum borgum viku eldri hús í miðbæ Västerås fyrir steinsteypukössum á áratugunum eftir stríð. Miðbærinn er því nokkuð grár og vantar manneskjulega ásynd. Borgin ákvað að hún yrði að fá íbúana í lið með sér til að móta framtíðarsýn fyrir þróun miðbæjarins til 2026 með framþróun allt til 2050 í huga. Markmið verkefnisins er að skapa stefnu og meðbyr til áframhaldandi jákvæðrar þróunar miðbæjarins. Bæjaryfirvöld mátu það svo að það væri lykilatriði til að stefnan yrði markviss og komist í framkvæmd í bráð og lengd að íbúarnir taki þátt í mótun hennar. Allur samráðsferillinn var skipulagður fyrirfram. Ýmsir samráðshópar voru settir á laggirnar, m.a. 50 manna sjálfbodaðliðahópur sem í voru fulltrúar ýmissa hópa, svo sem ungs fólks, eldri borgara, búðareigenda, þjónustufyrirtækja, menningarlífsins o.s.frv. Lögð var áhersla á að ná til íbúa þar sem þeir eru, t.d. úti á götu og í stórmörkuðunum og bæjarhátíðir voru nýttar til að ná til íbúa. 25% af íbúum Västerås eru af erlendum uppruna og þeir voru sérstakur markhópur þar sem áhersla var að ná til þeirra á þeim stöðum þar sem þeir eru. Nánari upplýsingar á <http://www.vasteras.se/kommun-och-politik/vasteras-utvecklas/innerstad.html>.

Methods

- **Communication policy** – early in the project – different methods to reach different target groups
- **Organisation** – many involved (steering group, collaboration group, focus group)
- **Series of seminars and workshops**
- **Call us...**
- **Dialogue in the streets**
- **Online questionnaire**
- **Newsletter**
- **Special target groups** - After evaluation - extra focus on some target groups (young people, people from other countries)

Focus group

- 50 volunteers
- Representatives for a multitude of perspectives














Í samræðunni urðu til orðaský um það sem íbúum finnst best og verst við miðbæinn



4. Að virkja íbúa til að skapa félagslega sjálfbærni

Västeråsborg byggir á fjórum sjálfbærnivíddum í skipulagsmálum sínum. Þær eru umhverfisvídd, efnahagsleg vídd og félags- og menningarlegar víddir. Mariana Hede og Ann-Cathrine Linér verkefnastjórar kynntu verkefni sem beinast að því að skapa félagslega sjálfbærni í tveimur stórum íbúahverfum með aðstoð íbúa. Byggt er á mannréttindum sem undirstöðu þróunar, þátttöku íbúa, samráði og samsköpun. Fram kom að það sé nauðsynlegt fyrir borgina að þróa nýjar leiðir til að tryggja velferð íbúa til framtíðar lítið. Það verði að finna frumlegar og skilvirkar lausnir innan borgarkerfisins og leiðir til að vinna á nýjan hátt með íbúum, félagasamstökum og öðrum hagaðilum í nærsamfélaginu. Myndaður var þverfaglegur samstarfshópur með fulltrúum frá öllum helstu þjónustugeirum borgarinnar, t.d. skólum, æskulýðsstarfi, félagsþjónustu, bókasöfnum o.s.frv. Áhersla var á að vinna að verkefninu í og með nærumhverfinu og búa til nýjar lausnir sem eru sjálfbærar til lengri tíma og stuðla að þátttöku allra.

Social sustainability – areas of focus

The mission

- Self-sufficiency
- Inclusion
- Social cohesion
- Trust

Inhabitants, organisations, society, associations and municipal services

- Reliance and security
- Inclusion
- Activities in the neighbourhood
- Meeting places in the neighbourhood
- Employment
- Services in the neighbourhood (buses, foodstores, doctor, library etc)
- Collaboration/cooperation
- Information/communication
- Approach – interpersonal relations



5 Umræðuhópar

Að loknum kynningum voru fjörlegar umræður í fjórum hópum, undir stjórn þeirra sem fluttu kynningarnar, um reynslu af íbúasamráði á Íslandi, hvað fólk fannst mest áhugavert og það geta tekið með sér heim.



2. Heimsókn til sænska sveitarfélagasambandsins í Stokkhólmi 30. ágúst

Lena Langlet og Anders Nordh, sem eru sérfræðingar sænska sveitarfélagsins í íbúasamráði, tóku á móti hópnum. Sænska sveitarfélagasambandið, SKL,² hefur gegnt lykilhlutverki við að byggja upp þekkingu hjá sænskum sveitarfélögum á íbúasamráði. SKL hefur frá 2007 boðið sveitarfélögum og landsþingum að taka þátt í tvenns konar samstarfsnetum um íbúasamráð, annars vegar til að byggja upp þekkingu og hins vegar til að þróa og afla reynslu af ýmsum aðferðum til íbúasamráðs. Sveitarfélögin greiða fyrir sértæka aðstoð SKL en sama gjald óháð staðsetningu. Starfsmenn sænska sveitarfélagasambandinu eru um 400.

Það sem liggur að baki áherslu SKL á íbúasamráð er minnkandi áhugi almennings á að taka þátt í hefðbundnu pólitísku starfi og lítil kosningaþátttaka innan ákveðinn hópa og hverfa í sænskum sveitarfélögum. Kosningaþátttaka í Svíþjóð er reyndar að meðaltali sú hæsta á Norðurlöndum, þ.e. yfir 80%, en helsta ástæða þess er talin vera sú að kosningar til allra stjórnsýslustiga í Svíþjóð eru haldnar á sama tíma. Kannanir hafa hins vegar sýnt að kosningaþátttakan er mjög mismunandi innan sveitarfélaga eins og myndin hér að neðan sýnir. Annað sem hefur einnig orðið hvatning til að vinna að auknu íbúasamráði og um leið bættum samskiptum kjörinna fulltrúa og almennings, er að kjörnir fulltrúar verða í vaxandi mæli skotspónn fyrir hatursumræðu og hótanir, á netinu og með beinum hætti. Þetta er einnig sérstakt áhersluverkefni sænska sambandsins.



But...

Kommun	Distrikt med högst valdeltagande	Distrikt med lägst valdeltagande	Differens 2014	Differens 2010
Göteborg	92,6	37,4	55,2	48,1
Stockholm	94,8	40,8	54,0	58,1
Malmö	93,4	39,7	53,7	49
Botkyrka	90,9	42,3	48,6	43,6
Huddinge	91,9	46,1	45,8	42,7
Haninge	89,8	44,6	45,2	41,2
Södertälje	86,8	42,5	44,3	36,2
Borås	92,5	50,5	42,0	38,2
Halmstad	93,5	52,2	41,3	31,8
Sollentuna	91,1	52,6	38,5	33,7



Sveriges
Kommuner
och Landsting

² Sveriges kommuner och landsting

Samhliða breyttu kosningamynstri hafa æ færri áhuga á að starfa innan hefðbundinna stjórnmálaflokka. Aðeins um 4% eru meðlimir í stjórnmálaflokkum og aðeins 1% eru virk í flokksstarfi. Á hinn bóginn hafa sænskar kannanir sýnt að almenningur hefur áhuga á að taka þátt en fólk vill hafa áhrif með nýjum þátttökuformum.



Með tilkomu og aðstoð internetsins hafa orðið til nýir og öflugir íbúahópar í kringum sameiginleg hagsmuna- og áhugamál. Þannig fóru þau Lena og Anders yfir hvernig íbúar sem búa nálægt ákveðinni sporvagnalínu í Suður-Svíþjóð stofnuðu öflugan samstarfshóp í gegnum netið, „Nätverket linje 17-För sjutton“.



Lena fór líka yfir grundvallarreglurnar fyrir markvissu íbúasamráði, þ.e. um samþættingu íbúasamráðs inn í ákvörðunarferla, þátttökustigann, skilgreiningu á markhópum og beitingu samráðsaðferða sem eru sniðnar að þeim. Í ritinu „Leiðsögn um lýðræði“ sem sambandið og

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands gáfu út 2012 er farið yfir flestar þessar grunnreglur³.



Hún rakti að það eru ekki forsendur fyrir íbúasamráði nema að hægt sé að svara þessum tveimur spurningum játandi:

Questions that needs a Yes!

1. Is it possible to influence the question?

2. Am I/We as decision makers open for influence?

Að lokum fór hún yfir ýmis hjálpartæki og stuðning við íbúasamráð og kynnti rafrænan kennslupakka í íbúasamráði sem SKL býður upp á fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga. Einnig kom fram að nú er hægt að stunda nám í íbúasamráði á háskólastigi í Svíþjóð.

³ http://www.samband.is/media/lydraedi---mannrettindi/Leidsogn-um-lydraedi-i-sveitarfelogum_vef.pdf

E-utbildning medborgardialog

En utbildning från Sveriges Kommuner och Landsting

Utbildningen riktar sig till förtroendevalda och tjänstemän i kommuner och landsting som vill vara med och utveckla arbetet med medborgardialog. Den består av fem korta moduler som visar både synsätt med medborgardialog samt hur du skapar goda förutsättningar för ett lyckat resultat.

Fem moduler
Du kan göra utbildningen individuellt eller i grupp. Om det är första gången du gör utbildningen bör du gå igenom modulerna i ordning i riktning mot slutet. Varje modul tar cirka 10 minuter.

1. Heltas med medborgardialog
2. Förhållningssättet för dialogen
3. När medborgarna
4. Kommunikation för att lyckas
5. Ryskare för din organisation

Så här navigerar du
Typer: Utbildningen innehåller text, sådana på att ha kvalitets påståenden på datorn.

- 1. Utbildningen visar dig olika symboler som:
 - Färdigheter
 - Utvärderade saker
 - När symbolerna visar på de interaktiva delarna kan du klicka på bilder, länkar och följa länkar för att visa.

<http://medborgardialog.instante.se/>

Sveriges Kommuner och Landsting

Lena kynnti líka veflausnir til að auðvelda íbúasamráð, t.d. þegar íbúar eru þátttakendur í vinnu að fjárhagsáætlunargerð.

IT-tools

Sveriges Kommuner och Landsting

Og útgáfur SKL sem eru flestar aðgengilegar öllum á www.skl.se og sumar í enskri þýðingu. Að lokum kynnti hún rafræna gátt til stuðnings sveitarfélögum í vinnu þeirra að íbúasamráði. Gáttin er til bæði á sænsku, ensku og þýsku

Books/factsheets Newsletter

2. Tí tænkur om medborgardialog i sty

10 steg för dialog vid konflikter

Faktablad

Nyhetsbrev för projekt medborgardialog

Sveriges Kommuner och Landsting

Dialogguiden.se methods, dialogue

dialogGuiden

Välkommen till Dialogguiden - din planerings- och informationshjält!


Den här webbplatsen innehåller information om dialogguiden som ger råd, tips och verktyg, och vilka metoder och verktyg som används för att planera och genomföra dialogen. Den innehåller också information om de olika delarna i dialogguiden och hur de används.

• Planering
• Genomförande
• Metoder
• Utvärdering & följd

Sveriges Kommuner och Landsting

Þátttökufjárhagsáætlanagerð í sænskum sveitarfélögum

SKL hefur leitað fyrirmynda um allan heim til að hagnýta sér í íbúasamráðsstarfi sínu. Varðandi þátttöku íbúa í fjárhagsáætlunargerð hafa þau leitað fanga víða, t.d. til Ítalíu, Spánar, Þýskalands, Englands, Portúgals, Bandaríkjanna og Ástralíu og á þeim grunni gaf SKL út ritið „Medborgarbudget i Sverige, Europa och världen“⁴.




Farið var yfir, að það er grundvallar forsenda fyrir þátttökufjárhagsáætlun að íbúarnir fái fjármagn til ráðstöfunar sem skiptir máli, að ferlið sé fest í sessi þannig að það sé endurtekið og að sveitarstjórn sjái til þess að farið sé í framkvæmdir í samræmi við óskir íbúa og gefi íbúum skýra endurgjöf. Sænsk sveitarfélög hafa prófað þátttökufjárhagsáætlun á ýmsum sviðum, t.d. í skipulagsmálum, æskulýðsmálum, til uppbyggingar í hverfum sem standa höllum fæti

félagslega og við ákvörðun um fjárfestingar og niðurskurð. Kynnt voru ýmsar veflausnir til að auðvelda íbúum þátttöku. Hér að neðan er kynnt verkefni sem snérist um að íbúarnir tæku þátt í niðurskurðartillögugerð.



⁴ <http://webbutik.skl.se/bilder/artiklar/pdf/7164-771-9.pdf?issuusi=ignore>

Og myndin hér að neðan sýnir hvernig Gautaborg skipulagði þátttökufjárhagsáætlunargerð í æskulýðsmálum á ársgrundvelli.




Íbúasamráð í viðkvæmum og flóknum málum

SKL hefur að undanförnu unnið að því að styðja sveitarfélög í því að hagnýta sér íbúasamráð í viðkvæmum og flóknum málum, s.s. varðandi stöðu minnihlutahópa og aðlögun innflytjenda, þegar leggja á niður skóla, veita leyfi fyrir námurekstri og í erfiðum skipulagsmálum. SKL hefur gefið út ritið „Medborgardialog om komplexa samhällsfrågor“⁵ þar sem gerð er grein fyrir úttekt tveggja fræðimanna á tveimur samráðsverkefnum í flóknum málum til að draga lærdóm af þeim og gefa leiðsögn um hvernig sé hægt að framkvæma íbúasamráð í svona málum á árangursríkan hátt.



⁵ <http://webbutik.skl.se/bilder/artiklar/pdf/7585-306-2.pdf?issuusl=ignore>

Nils Munthe frá Upplands Väsby, sem er 43 þús. íbúa sveitarfélag, sem liggur á milli flugvallarins Arlanda og Stokkhólms, kynnti annað samráðsverkefna sem fræðimennirnir gerðu úttekt á. Það snérist um samráð til að ná betri árangri í skólastarfi sveitarfélagsins sem hafði lengi komið illa út í landssamanburði. Hann fór yfir að sveitarfélagið hafi áttað sig á, að í flóknum úrlausnarefnum er tilhneyging til þess að hleypa færri aðilum að ákvörðunartöku en almennt gengur og gerist og sveitarfélagið hafi viljað breyta því. Mikilvægt var að byrja á því að leiða embættismönnum fyrir sjónir að það eru fleiri en þeir sem geti haft verðmæta þekkingu sem getur nýst við vinnslu mála.



Nils fór yfir öll stig samráðsins. Byrjað var á að kortleggja viðhorf hagsmunahópa og síðan voru umræður um mismunandi viðhorf með það fyrir augum að ná sameiginlegum skilningi og ábyrgð á því hvernig væri hægt að vinna til að ná betri árangri. Allt skólastigið frá leikskóla til menntaskóla var undir. Hagsmunahóparnir voru nemendur, stéttarfélög, kennarar, kjörnir fulltrúar, foreldrar, skólastjórnendur, félagasamtök, fyrirtæki í sveitarfélaginu og íbúar.

Út úr samráðinu komu níu tillögur sem lutu að skipulagi skólastarfsins og fjárveitingum og einnig að því að halda áfram að tala saman. Ferillinn leiddi til þess að það skapaðist meira traust á milli hópa. Lærdómurinn var að það þurfi að gæta þess mjög vel að undirbúa þátttakendur vel, upplýsingagjöf verði að miðast að því að skapa réttar væntingar og það skiptir miklu að ferillinn sé gagnsær og tjáskipti opin. Að lokum lagði Nils áherslu á að íbúasamráð þarf að vera hluti af almennum stjórnumarferlum en ekki rekið sem sérstakt hliðarverkefni.


Íbúasamráð í skipulagsmálum

Anders fór yfir að íbúasamráð í skipulagsmálum snúist um að:


- virkja íbúa til þátttöku fyrr í skipulagsferlinum,
- gefa íbúum sjónræna upplifun af skipulagi sem þeir skilja og geta sjálfir prófað sig áfram með,
- reyna nýjar aðferðir,
- safna mismunandi viðhorfum og
- hagnýta sér þekkingu íbúa á hinu daglega umhverfi þeirra.

Félagsleg sjálfbærni var nýtt hugtak fyrir mörgum í hópnum, sem m.a. Västerås byggir á í skipulagsmálum sínum eins og fram kom hér að framan. Anders fór yfir að það byggist á þremur gildum:

1. Öryggi, þ.e. bæði landamæraöryggi, öryggi einstaklingsins og að finna til öryggis í nærumhverfinu.
2. Réttlæti gagnvart lögum, að upplifa að maður fái sanngjarna málsmeðferð af hálfu yfirvalda og að geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri og njóta viðurkenningar sem einstaklingur.
3. Framþróun, bæði efnahagslega og persónulega, að geta tekið þátt í framþróun samfélagsins og upplifa að tekið sé mark á viðhorfum manns.



Hann sýndi hvernig þjóðir heims hafa verið kortlagðar út frá ráðandi gildismati innan þeirra og




stöðu einstaklingsins. Myndin sýnir hvernig þróunin í mótmælendaríkjum Norður Evrópu hefur verið í átt að meiri einstaklingshyggju. Úrlausnaefnið sé í vaxandi mæli að reyna að samhæfa ólík viðhorf og ná sátt og skapa skilning á milli þeirra. Að lokum fór Anders yfir ýmsar aðferðir til að ná til fólks. Hvernig þarf að leitast við að mæta fólki í þeirra umhverfi og hvernig hægt sé að nota veflausnir til að gera úrlausnarefnin skiljanlegri og skemmtilegri viðureignar

fyrir íbúa. Hann sýndi hvernig einföld skipulagsatriði t.d. uppröðun í sal þar sem samráð fer fram getur haft áhrif, þar sem sterku einstaklingarnir sem eiga það til að einoka umræðuna setjast gjarnan fremst í salinn. Hér eru nokkur dæmi sem hann sýndi hópnum.

Connect street activities with the web



Visual budget



<http://demo.nordicpeak.com/dialog/>



Minecraft



Create a new "town" by using Minecraft – students in Grades f-3, 4-6, 7-9



Upplands-Väsby – Build the park of your dreams!

Nu kan du bygga din nya drömpark!

Medan 11-31 augusti kan du nu bygga din egen drömpark genom att lämna in förslag till parkkommunens hemsida. Vi vill veta vad du tycker om i vägen i staden. Vi vill veta vad du tycker om i vägen i staden. Vi vill veta vad du tycker om i vägen i staden.

Medan 11-31 augusti kan du nu lämna in förslag till parkkommunens hemsida genom att bygga din egen drömpark med hjälp av ett verktyg. Men du har även möjlighet att bygga din drömpark i verkligheten under olika drömparksteg.



3-D Visualaization



Exempel från visualiseringen av området kring frutaskolan i Norrköping.

Utgångspunkter i arbete med 3D och visualisering

Kartor och 3D-flygfot

För planeringen är kartan en central del av arbetssättet och en viktig informationskälla. Kartan har i många fall en tydlig roll i den fysiska planeringen.

En 3D-flygfoto är en av de viktigaste verktygen i den fysiska planeringen.

En 3D-flygfoto är en av de viktigaste verktygen i den fysiska planeringen.

den viktigaste faktorn för att nå en bred spridning och ökad användning av 3D-flygfoto. För 2010 var 3D-flygfoto en relativt ny produkt. Idag är 3D-flygfoto allmogliga var och varannan person har en mobiltelefon.

3D-flygfoto har blivit allt mer kostnadseffektivt att ta fram, mycket tack vare 3D-flygfoto.

3D-flygfoto har blivit allt mer kostnadseffektivt att ta fram, mycket tack vare 3D-flygfoto.



3. Heimsókn til Skinnskatteberg 31. ágúst

Skinnskatteberg liggur um 60 km. norðvestur af Västerås. Það er eitt fámennasta sveitarfélag Svíþjóðar með tæplega 4.500 íbúa. Carina Sándor, formaður byggðaráðs sveitarfélagsins, og Nima Poushin framkvæmdastjóri þess tóku á móti hópnum á gömlum herragarði, Färna, sem hefur verið breytt í hótél í fallegu umhverfi mitt inni í skógi.




Sænsk sveitarfélög höfðu þangað til Danir fóru í sitt sameiningaráttak í kringum aldamótin 2000 þá sérstöðu í norrænum samanburði, að þau voru mun stærri en gengur og gerist annars staðar á Norðurlöndunum. Umfangsmiklar lögbvingaðar sameiningar áttu sér stað í Svíþjóð 1952 þegar sveitarfélögum fækkaði úr 2500 í 1000 og aftur 1962-1974 þegar þeim fækkaði í 277. Í Svíþjóð eiga sér nú stað miklir fólksflutningar úr hinum dreifðu byggðum, sérstaklega frá Norður-Svíþjóð í borgirnar í Mið- og Suður-

Svíþjóð. Það hefur verið áskorun fyrir borgirnar að taka á móti öllum þessum nýju íbúum og húsnæðisskortur og hár húsnæðiskostnaður er stórt vandamál, sérstaklega á Stokkhólmssvæðinu. Vegna þessara fólksflutninga til borganna eru að verða aftur til fámenn sveitarfélög í Svíþjóð en mjög landstór og dreifbýl sem glíma við miklar áskoranir við að sjá íbúum sem verða sífellt eldri fyrir fullnægjandi þjónustu. Hinn sænsk íslenski fræðimaður Gissur Erlingsson fór mjög vel yfir þessa þróun í áhugaverðri framsögu, sem hann hélt á málþingi sambandsins í október 2015, um „Sveitarstjórnarstigið á 21. öld“ og kynnti hugmyndir sínar um hvernig hægt sé að bregðast við henni⁶.

Þótt Skinnskatteberg sé fámennst er það þó ekki í jafn erfiðri stöðu og fámennu sveitarfélögin í Norður-Svíþjóð þar sem sveitarfélagið nýtur góðs af að vera tiltölulega nálægt stórum borgum og rótgróin fyrirtæki eru í sveitarfélaginu. Áskoranir Skinnskatteberg, sem Carina og Nima fóru yfir, voru þó ótrúlegar líkar þeim áskorunum sem íslensku dreifbýlissveitarstjórnarmennirnir þekkja úr sínu umhverfi, t.d. lágt markaðsverð húsnæðis og ljósleiðaravæðing en það síðarnefnda hefur Skinnskatteberg leyst á áhugaverðan hátt í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki og íbúa. Þau gáfu yfirlit yfir verkefni sænskra sveitarfélaga sem eru mjög hliðstæð verkefnum íslenskra sveitarfélaga, fyrir utan það að sænsk sveitarfélög bera ábyrgð á framhaldsskólum. Sænsk sveitarfélög hafa fullt forræði á útsvarsþróuninni og er hún 34% hjá Skinnskatteberg.

⁶ <http://www.samband.is/media/nordregio-2015/Gissur.pdf>



Carina og Nima sögðu frá íbúasamráðsverkefnum sveitarfélagsins. Verkefnin eru auðvitað smærri í sniðum en hjá stórum sveitarfélögum en fram kom að Skinnskatteberg þurfi að bregðast við sömu hugarfars-breytingum meðal íbúa og stærri sveitarfélög og stjórnendur séu meðvitaðir um að aukin áhersla á íbúasamráð er nauðsynleg. Það kom líka fram að Carina er í fullu starfi sem kjörinn fulltrúi og stór hluti af


hennar starfi felst í að rækta góð tengsl við íbúana. Það kom líka fram að sveitarfélagið hefur ekki farið varhluta af flóttamannavandanum og það sér um að reka miðstöð fyrir flóttamenn í sveitarfélaginu og þ. á m. miðstöð fyrir ungmenni sem hafa komið til Svíþjóðar án fylgdar.



4. Heimsókn til sveitarfélagsins Upplands-Bro

Upplands Bro liggur við hið stóra stöðuvatn Mälaren eins og Västerås en nær Stokkhólmi. Sveitarfélagið varð til í sameiningarhrininu 1952 þegar fimm sveitarfélög á svæðinu voru sameinuð. Íbúum fjölgaði verulega eftir að sveitarfélagið tengdist hraðlestakerfi Stokkhólmsvæðisins á áttunda áratugnum og nú búa þar 26 þúsund íbúar. Íbúum fer fjölgaandi þar sem sveitarfélagið getur boðið upp á húsnæði í fallegu umhverfi og mjög góðar hraðlestatengingar við Stokkhólm og fjórar aðrar borgir í nágrenninu. 30% íbúa sveitarfélagsins eru af erlendum uppruna. Karl Öhlander sviðsstjóri og samstarfsfólk hans tóku á móti hópnum í menningarhúsi

sveitarfélagsins í Kungsängen sem er einn af þremur stærstu þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins. Í hópi starfsmanna, sem tóku á móti hópnum, var íslensk kona, Katrín Karlsdóttir skipulagsfræðingur, sem flutti kynningu sína á íslensku. Í sveitarstjórn Upplands Bro sitja 41 fulltrúar og fjórir vinstri- og miðflokkar fara með meirihluta. Þessi mynd sýnir hvernig sveitarfélagið verður hverjum 100 SKR sem það fær í skatttekjur.



Stefnumótun fyrir íbúalýðræði og raddir ungmenna

Sveitarstjórn Upplands Bro samþykkti þann 11. maí 2016 stefnu um íbúasamráð⁷. Erika Lind, sem vinnur að sjálfbærnistefnumótun á stjórnunarskrifstofu sveitarfélagsins, sagði frá henni. Stefnan er skýr og praktísk og þess vegna fylgir hér yfirlit yfir helstu þætti hennar.

Í upphafskafila stefnunnar um markmið og tilgang íbúasamráðs er því lýst yfir að sveitarfélagið muni framkvæma íbúasamráð í málum sem snerta marga íbúa á ólíkan hátt í daglegu lífi þeirra. Markmiðið með íbúasamráði sé að fá betri upplýsingar um afstöðu, skoðanir og þekkingu íbúa; að stuðla að því að íbúarnir fái betri þekkingu og skilning á starfsemi sveitarfélagsins; og að þau sjónarmið sem koma fram í íbúasamráði muni verða skoðuð við ákvörðunartöku þannig að unnt sé að taka vandaðri ákvarðanir.


Í kafla þar sem helstu hugtök eru skilgreind segir að íbúasamráð sé skipulagt samtal sem hefur það að markmiði að hjálpa til við að skapa grundvöll fyrir pólitíska ákvörðun. Með orðinu samráði sé verið að leggja áherslu á að það þarf bæði að tala og hlusta. Íbúasamráð geti aldrei verið einhliða upplýsingagjöf. Íbúasamráð sé sameiginlegur ferill fyrir stærri eða minni hóps fólks. Ekki megi rugla íbúasamráði við hugtakið notendasamráð en þá ræða íbúar við sveitarfélagið sem notendur ákveðinnar þjónustu þess.

Sérstakur kafla gefur yfirlit yfir grundvallarreglur sem gilda við framkvæmd íbúasamráðs. Þar er m.a. kveðið á um að framtíðarsýn og hugmyndafræði sveitarfélagsins eigi að endurspeglast í samráðinu og að þau markmið sem sett eru í starfsáætlunum eigi að hafa áhrif og styðja við íbúasamráð. Alltaf eigi að íhuga íbúasamráð þegar sveitarfélagið stendur frammi fyrir álítaefnum

⁷ <http://www.upplands-bro.se/download/18.3a4497b6154e9422c3745945/1464361740633/Policy+f%C3%B6r+medborgardialog%2C+antagen+11+maj+2016.pdf>

sem hafa almenna þýðingu og vanda skuli undirbúning og framkvæmd. Íbúasamráð verði alltaf að hafa skýr markmið og það verði að vera ljóst hvað íbúarnir geti haft áhrif á. Ferillinn eigi að einkennast af gagnsæi og hreinskiptni. Laga þurfi samráðið að forsendum markhóps og leitast við að ná til breiðs hóps íbúa. Veita eigi öllum sem málið snertir góða möguleika til að taka þátt í samráðinu, sérstaklega þeim sem sjaldan er hlustað á. „Við ætlum að skipuleggja og halda vel utan um allan ferillinn í hverju tilviki, alveg frá hugmyndastigi til mats á því hvernig til tókst og við miðlum niðurstöðum hratt og vel til íbúanna í hvert skipti sem við leitum eftir samráði við þá.“

Í kafla um aðferðir við íbúasamráð er þessi mynd þar sem samráðsaðferðir er tengdar við þátttökustigann.



Í hverju tilviki verði að vega og meta aðferðir eftir markhópi, úrlausnarefninu og hversu langt eigi að ganga í samráðinu.


Í kafla um ábyrgð og skipulag í stjórnkerfinu er skilgreint hvernig hver stjórnunareining sveitarfélagsins þarf að vinna að því að íbúasamráð verði eðlilegur þáttur í ákvörðunartöku sveitarfélagsins um mál sem hafa almenna þýðingu fyrir íbúa og hvernig verka- og ábyrgðarskipting sé á milli hins póltíska stjórnkerfis og embættismanna.

Í kafla um upplýsingagjöf er kveðið á um að gera eigi upplýsingaáætlun í hvert skipti sem farið er í íbúasamráð þar sem markhópar eru skilgreindir og upplýsingafarvegir.

Í lokakaflanum er gefið yfirlit yfir lög og stefnumótun sveitarfélagsins sem tengjast íbúasamráðsvinnu þess.

Lýðræðisdagur fyrir ungt fólk

Eftir að hafa farið yfir stefnumótunina sagði Erika frá lýðræðisdegi sem sveitarfélagið skipulagði með ungu fólki í sveitarfélaginu. Skipulagðir voru fundir með svokölluðu „Open Space“ fyrirkomulagi til að finna út hvað brennur helst á unga fólkinu. Ferlið leiddi í ljós 18 mál sem þeim fannst sérstaklega áhugaverð og með hjálp spurningalista voru fjögur þeirra valin til frekari úrvinnslu. Þau voru öryggi, sérstakur stuðningur í stærðfræðikennslu, skipulag kennslunnar, þjálfun kennara og matur í skólunum.



Draumur verður að veruleika

Katrín Karlsdóttir skipulagsfræðingur kynnti verkefni þar sem haft var viðtækt samráð við íbúa um endurnýjun leikvalla sveitarfélagsins. Eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar í september 2014 lá fyrir að þörf væri að fara í endurnýjunaráttak á leikvöllum sveitarfélagsins. Ný sveitarstjórn sá þetta sem tækifæri til að hafa samráð við íbúa um verkefni sem fólk hefði áhuga og skoðanir á og þar sem væri auðvelt að sýna skjótan sýnilegan árangur. Samráðið snérist um hvernig ætti að forgangsraða framkvæmdum, hvað ætti að gera og hvernig. Í stað þess að tæknideildin sæi alfarið um verkefnið var myndaður þverfaglegur hópur embættismanna til að hafa umsjón með því og samráði við íbúa. Katrín kom inn í verkefnið þar sem hún hafði í námi sínu gert rannsóknir á leik barna og notkun þeirra á nærumhverfinu og hafði í gegnum það sérstaka þekkingu á hvernig þyrfti að greina markhópin. Það þurfti m.a. að aldursgreina notendahópin til að ákvarða hvaða aðferðir væri bestar til samráðs.

Byrjað var á að ákveða tímarammann, hvernig ætti að kynna og auglýsa verkefnið og ákveða samráðsaðferðir. Áhersla var á að leyfa börnunum sjálfum að segja frá hvernig þyrfti að bæta leikvöllina með teikningum og með því að merkja á kort hvar þau leika sér helst eða myndu vilja leika sér. Sett voru upp kort í þjónustuveri sveitarfélagsins og borð með pappír og litum og bæjarhátíðir voru nýttar til að ná til barna og foreldra. Börnin voru spurð spurninga eins og:

The slide, titled "Nálgun verkefnis", features the Upplands-Bro logo in the top left and three vertical bars (pink, red, yellow) in the top right. It contains a bulleted list of tasks for the project.

- Verkefni skilgreint
- **Skilgreina markhópin!**
- Aðferðir við að kynna verkefnið
 - #ubdrömpark @upplandsbro Bæjarhátíð vor 2015
 - Blogg, heimasíðan, fréttamiðlar
- Aðferðir við sjálft samráðið
 - Teikna, mála, merkja á kort, svara spurningum, skrifa bréf,
- Söfnun gagna
 - Haft samband við skóla

- Hvar leikur þú þér í dag og hvað þykir þér best við þá staði?
- Hvar vantar fleiri leikvelli og hvað myndir þú vilja gera þar?
- Hvað gerir leikvöll skemmtilegan?
- Hvernig lítur draumaleikvöllurinn þinn út?

Sett var upp blogg og heimasíða í kringum verkefnið, <http://www.upplands-bro.se/kommun/projekt-drompark.html>, og myndir voru birtar á Instagram, #ubdrömpark och @upplandsbro. Börnin gátu sent inn teikningar og margir skólabekkir tóku sig saman um að gera það. Fésbókin og fleiri samfélagsmiðlar voru nýttir til að auglýsa eftir framlögum.

Tæknideildin flokkaði tillögur og ábendingar og kannaði framkvæmdahliðina. Lokatillögur um leiktæki áttu að taka mið af:

- Hvað meirihlutanum fannst.
- Þarfagreiningu og hvernig hægt væri að koma til móts við þarfir ólíkra aldurshópa. Ef það vantaði leiktæki fyrir ákveðinn aldurshóp þá átti hann að hafa forgang.
- Upplýsingar frá framleiðendum um hvaða leiktæki væru vinsælust.

Eftir að verkefninu lauk var gerð úttekt á því hvernig til tókst. Ýmislegt tókst vel en helsti gallinn var að verkefnið var mjög tímafrekt og ljóst að það er ekki hægt að vera með svona samráðsferil um öll verkefni. Þau þarf að velja vel. Það var líka lærdómur að það þarf að skilgreina vel verkaskiptingu á milli kjörinna fulltrúa og embættismanna og tryggja að áhugasamt starfsfólk með þekkingu á íbúasamráði drífi verkefnið áfram alveg til enda.




Mat á verkferlum - skýrsla

- Kostir
 - Skýr verkefnalýsing
 - Vel skilgreindur markhópur
 - Þarfagreining
 - Jákvæð viðbrögð/svörin við verkefninu
- Gallar
 - Tímafrekt
 - Erfitt að geta ekki komið til móts við alla
 - Lög um opinber innkaup!




Niðurstöður og eftirfylgni

- Bæjarhátíð haust 2015
 - Myndlistarsýning á teikningum og framhald verkefnis kynnt
- Leiktæki endurnýjuð á fjórum leikvöllum
- Framkvæmd kláruð vor 2016
- Endurnýjunin kynnt á bæjarhátíð vor 2016
- Gögn notuð sem grunnur að enn stærra verkefni
 - Afþreyingagarður fyrir allt sveitarfélagið

Hvað eiga garðarnir að heita?

Samráð um Öruggara Upplands Bro

Andrea Andersson sem vinnur að þróunarmálum á stjórnendaskrifstofu Upplands Bro kynnti þetta samráðsverkefni en grundvöllur þess var samningur á milli sveitarfélagsins og lögreglunnar á staðnum um aðgerðir til að draga úr afbrotum og auka öryggi íbúa í sveitarfélaginu. Þáttur í því voru svokölluð „íbúaloforð“ þar sem lögreglan og sveitarfélagið skuldbundu sig til að fara í aðgerðir til að koma til móts við áhyggjur íbúa af öryggismálum. Íbúasamráð þurfti því óhjákvæmilega að vera þáttur í framkvæmd samningsins. Samstarfsteymi var myndað með fulltrúum frá lögreglu, sveitarfélagi og íbúum. Gerðar voru viðhorfsskannanir á netinu og með því að fara út á meðal fólks

og spyrja það. Íbúar reyndust áhugasamir um þetta efni og ánægðir með frumkvæðið. Þar sem verkefnið var einfalt í sniðum var auðvelt að framkvæma það og það var verðmætt að fá upplýsingar frá fyrstu hendi. Á hinn bóginn reyndist mjög tímafrekt að vinna úr öllum svörum. Það kom líka í ljós að fyrirtækin, en það var haldin sérstakur fundur með þeim, voru með mun fleiri raunhæfar tillögur en íbúarnir.



Bjargið græna dalnum

Katrín kynnt að lokum hvernig viðbrögð íbúa við lögbundnu samráði um skipulag nýrrar íbúabyggðar í sveitarfélaginu kom sveitarfélaginu í opna skjöldu og þau umhugsunarefni sem komu upp hjá henni eftir þessa reynslu. Upplýsingar um nýja deiliskipulagstillögu voru á hefðbundinn hátt sendar eigendum fasteigna innan deiliskipulagsvæðis og nærliggjandi svæða og þeir boðnir á kynningarfund. Það mættu tæplega hundrað manns á fundinn, mjög einsleitur hópur með einsleitar athugasemdir sem stjórnust af tilfinningum og eigin hagsmunum. Það hitnaði verulega í kolunum og fundarmenn lýstu yfir algeru vantrausti á embættismönnum og kjörnum fulltrúum. Á fundinn vantaði hins vegar alveg þá íbúa, sem höfðu ríkustu hagsmuna að gæta af húsnaðis-uppbyggingu í sveitarfélaginu, þ.e. ungt fólk og innflytjendur. Þessi reynsla var sveitarfélaginu lærdómur um að það þurfi að beita nýjum aðferðum til að fá þann hóp íbúa sem hefur mikilla hagsmuna að gæta en er óvirkur til að taka þátt í samráði. Í framhaldinu fór Katrín einnig að hugsa um stöðu sína sem innflytjandi í sveitarfélaginu og varð að viðurkenna fyrir sjálfri sér að líklega hefði hún sjálf ekki haft fyrir því að mæta á svona fund, ef hún hefði ekki verið starfsmaður sveitarfélagsins, því að það tekur meira en eina kynslóð að verða svo rótgróin í nýju samfélagi að maður öðlist tilfinningatengsl við það og áhuga á að verða virkur þátttakandi í því.



Þátttakendur í íbúalýðræðisferð til Svíþjóðar 29. ágúst til 1. september 2016

Nafn	Sveitarfélag/stofnun	Titill
Aldís Hafsteinsdóttir	Verkefnisstjórn um styrkingu svst.	bæjarstjóri
Aldís Stefánsdóttir	Mosfellsbær	forstm. þjónustu og samskiptad.
Anna Guðrún Björnsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga	sviðsstjóri
Arna Ír Gunnarsdóttir	Sveitarfélagið Árborg	bæjarfulltrúi
Ásta Stefánsdóttir	Sveitarfélagið Árborg	framkvæmdastjóri sveitarfélagsins
Ásthildur Sturludóttir	Vesturbyggð	bæjarstjóri
Birkir Jón Jónsson	Kópavogsbær	bæjarfulltrúi
Björn Ingi Jónsson	Sveitarfélagið Hornafjörður	bæjarstjóri
Eva Björk Harðardóttir	Skaftárhreppur	oddviti
Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir	Verkefnisstjórn um styrkingu svst.	ráðgjafi
Eyþór H. Ólafsson	Hveragerðisbær	bæjarfulltrúi
Garðar Rúnar Árnason	Hveragerðisbær	bæjarfulltrúi
Guðfinna Björk Kristjánsdóttir	Garðabær	upplýsingastjóri
Gunnar Axel Axelsson	Verkefnisstjórn um styrkingu svst.	bæjarfulltrúi
Gunnar Þorgeirsson	Grímsnes- og Grafningshreppur	oddviti
Halldór Auðar Svansson	Reykjavíkurborg	borgarfulltrúi
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur	oddviti
Hjálmar Sveinsson	Reykjavíkurborg	borgarfulltrúi
Hjördís Ýr Johnsen	Kópavogsbær	bæjarfulltrúi
Jón Kristján Rögnvaldsson	Sveitarfélagið Hornafjörður	félagsmálastjóri
Jón G. Valgeirsson	Hrunamannahreppur	sveitarstjóri
Kristján S. Guðnason	Sveitarfélagið Hornafjörður	bæjarfulltrúi
Njörður Sigurðsson	Hveragerðisbær	bæjarfulltrúi
Oddný María Gunnarsdóttir	Blönduóssbær	bæjarfulltrúi
Sigrún Jóna Jónsdóttir	Grímsnes- og Grafningshreppur	fulltrúi í hreppsnefnd
Sigrún Pálsdóttir	Mosfellsbær	bæjarfulltrúi
Sjöfn Vilhelmsdóttir	Verkefnisstjórn um styrkingu svst.	forstöðumaður Háskóla Íslands
Sóley Björk Stefánsdóttir	Akureyrarbær	bæjarfulltrúi
Sólveig Jóhannsdóttir	Kópavogsbær	skipulagsfræðingur
Stefanía Traustadóttir	Verkefnisstjórn um styrkingu svst.	sérfræðingur
Sæmundur Helgason	Sveitarfélagið Hornafjörður	bæjarfulltrúi
Theodóra Þorsteinsdóttir	Kópavogsbær	formaður bæjarráðs
Unnur Þormóðsdóttir	Hveragerðisbær	formaður bæjarráðs
Þorsteinn M. Kristinsson	Skaftárhreppur	formaður atvinnunefndar
Þór Örn Jónsson	Stykkishólmsbær	bæjarritari